

Afmælistónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar



21. október 2018 kl. 20:00

Er faðir minn lést, þann 20. desember 1982, lét hann eftir sig á þriðja hundrað listaverka í vinnustofu sinni, sem var orðin bæði köld og lek. Móður minni var vandi á höndum með þennan mikla menningararf, sem krafðist mikillar umhirðu, en skilaði ekki arði. Mér er enn í fersku minni mánuðirnir sem fóru í hönd. Sorgin og vanmáttur hennar.

Að ráðum góðra manna stofnaði hún einkasafn utan um safneignina og hóf að endurbyggja vinnustofuna og auka við, þannig að það hýsti safnið og þá starfsemi sem því fylgdi. Jafnframt hóf hún að safna og skrá upplýsingar um listaverk föður míns, bæði innan safns og utan.

Henni tókst ætlunarverk sitt. Listasafn Sigurjóns Ólafssonar opnaði við hátíðlega athöfn hér á Laugarnesi fyrir nákvæmlega 30 árum og var opnuninni fylgt úr hlaði með röð tónleika, sem síðar leiddi til hinna árlegu Sumartónleika Listasafns Sigurjóns.

Ég rek ekki sögu safnsins frekar, hana má t.d. finna á netsíðum þess ([www.LSO.is](http://www.LSO.is)), en ég vil þakka öllum þeim sem hafa gert þetta kleyft, bæði þeim sem hafa staðið að uppbyggingu safnsins, en ekki síður þeim sem sýnt hafa safninu áhuga og stuðning með því að sækja sýningar og tónleika hér í þessum sal.

Menningin þrífst aðeins ef við hlúum að henni af þekkingu, yfirvegun og ástríðu.

21. október 2018  
Hlíf Sigurjónsdóttir



Jónas Tómasson  
**Gríma**

*Hlíf Sigurjónsdóttir  
Þórdís Gerður Jónsdóttir*



Alexander Liebermann  
**Snót**

*Hlíf Sigurjónsdóttir  
– frumflutningur –*



Poul Christian Balslev  
**Fótboltamenn**

Leikurinn hefst  
Sendingar  
Tækjanir  
Spurnur  
Sálmur leikmannsins

*Hlíf Sigurjónsdóttir  
Poul Christian Balslev  
– frumflutningur –*



Að loknu framhaldsnámi í Amsterdam settist **Jónas Tómasson** að á Ísafirði, þar sem hann hefur að mestu dvalið síðan. Hann hefur látið að sér kveða á ýmsum sviðum tónlistarlífsins, leikið á flautu, kennt flautuleik og tónfræðigreinar, stjórnað kórum og um áratuga skeið hafði hann umsjón með tónleikhaldi fyrir Tónlistarfélag Ísafjarðar.

Tónsmíðarnar hafa þó ævinlega átt hug hans allan og á síðustu árum hefur hann helgað sig þeim eingöngu.

Jónas er afar mikilvirkt tónskáld og eftir hann liggur fjöldi verka af ólíkum toga. Hann hefur samið fjölmörg hljómsveitarverk og á síðustu árum hefur hann m.a. samið átta Sinfóníettur þar sem hann kannar hljóðheim sinfóníuhljómsveitarinnar með mismunandi hljóðfæraskipan. Eftir hann liggja einnig nokkrir konsertar, m.a. fyrir orgel, víólu, píanó, tvö píanó og sinfóníuhljómsveit. Kórverk, ekki síst kirkjuleg, skipa stóran sess í tónverkasafni Jónasar, má þar nefna Missa Tibi Laus, Lúkasar- óratóríu, Missa brevis og Söngva til jarðarinnar. Þá hefur hann samið fjöldann allan af kammerverkum fyrir ólíkar og oft frumlegar samsetningar hljóðfæra. Loks hefur Jónas samið fjölda einleiks- og einsöngsverka fyrir ýmis hljóðfæri, oft að beiðni einstakra flytjenda. Eftir farsælan feril á Ísafirði er Jónas fluttur, ásamt fjölskyldu sinni, til Garðabæjar.

Jónas samdi verkið *Grímu* fyrir Hlíf Sigurjónsdóttur árið 2007, við samnefnt verk föður hennar og var það frumflutt af Hlíf og Julia MacLaine sellóleikara á sumartónleikum LSÓ í september 2007.



**Alexander Liebermann** fæddist í Berlín og stundaði nám í tónsmíðum og tónlistarfræðum við Hanns Eisler háskólann og lauk BM gráðu í maí 2013. Þáðan lá leið hans vestur um haf og lauk hann meistaragráðu í tónsmíðum frá Juilliard tónlistarháskólanum í New York borg undir handleiðslu Samuel Adler og Steven Stucky. Nú stundar hann doktorsnám í tónsmíðum við Manhattan School of Music, undir handleiðslu Reiko Fütting. Jafnframt

stundar hann sitt fag og kennir við Juilliard og Manhattan skólana.

Þótt ungur sé, hefur Alexander unnið til fjölda verðlauna og hlotið fjölmarga styrki og viðurkenningar, t.d. Morton Gould Young verðlaunin 2014 og þýsku GEMA verðlaunin 2013 og sama ár hlaut hann fyrstu verðlaun í Juilliard Orchester Composition. Tónlist hans hefur verið leikin af þekktum hljómsveitum beggja vegna Atlantshafsins, í Suður Ameríku og Asíu. Af flytjendum má nefna fiðluleikarann Gilles Apap, Philippe Bianconi píanóleikara, the New York Virtuoso Singers, útvarpsblásarasveitina í Leipzig, hljómsveit Juilliard háskólans með Jeffrey Milarsky, Philharmóníusveitina í Nice með Philippe Auguin, og Stradivari-Soloists sem skipað er hljóðfæraleikurum úr Berlínarfílharmoníuhljómsveitinni.

Alexander samdi *Snót* fyrir Hlíf Sigurjónsdóttur í haust við samnefnt verk föður hennar.



**Povl Christian Balslev** er fæddur í Fjølsted á Fjóni og er kominn af prestum í marga ættliði. Hann nam orgelleik við Sweelinck tónlistarháskólann í Amsterdam 1989-90 og lauk Kirkjutónlistarprófi frá konunglega danska Tónlistarháskólunum 1996 með orgelleik og stjórnun sem höfuðfög. Síðan hefur hann numið hjá fjölda kennara, m.a. Harald Vogel, David Sanger, Anders Bondeman, H.O. Ericsson, Jon Laukvik og Lars Ulrik Mortensen (á cembalo) og í spuna hjá William Porter í Boston.

Povl er tónskáld, píanó- og orgelleikari. Árið 2003 lauk hann námi í leik á klukkaspil og hefur síðan leikið á kirkjuklukkur víða í Evrópu, Bandaríkjunum og Japan. Árið 2002 tók hann við stöðu organista, kantors og klukkaspilsleikara við Vorfrúarkirkjuna í Svendborg á Fjóni og einnig kennir hann við kirkjutónlistarskólann í Løgumklaustri. Povl hefur mikinn áhuga á kórsöng og kórastarfi og stjórnar tveimur kórum í Svendborg. Hann hefur staðið fyrir tónlistarhátíðum þar, t.d. Vorfrúarhátíðinni, kórahátíðinni SyngSydfyn og fjölpjódlegu klukkaspilshátíðinni sem haldin er þar sérhvert sumar. Þá er hann ötull flytjandi eigin tónlistar og annarra, leikur á píanó jafnt sem orgel og hefur gefið út fjölda geisladiska. Hann hefur samið tónverk fyrir kóra, orgel, kammersveitir og einnig fyrir leikhús og kvikmyndir. Hann heldur fyrirlestra og hefur ritað greinar og bókarkafli um tónlist og árið 2009 kom út eftir hann ævisaga danska tónskáldsins Thorvald Aagaard, þar sem hann rekur einnig sögu söngtónlistar á Fjóni.

Í haust samdi Povl Christian svítu í 5 þáttum fyrir fiðlu og píanó fyrir Hlíf Sigurjónsdóttur, við höggmynd föður hennar *Fótboltamenn*, en sú mynd er nú til sýnis í garðinum í Egeskov í Danmörku.



**Hlíf Sigurjónsdóttir** er fædd í Kaupmannahöfn en ólst upp í Reykjavík. Hún nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík og fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaskólann í Banff í Klettafjöllum Kanada. Einnig nam hún hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach. Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada.

Haustið 2014 kom geisladiskurinn DIALOGUS út hjá MSR Classics í Bandaríkjunum með einleiksverkum í hennar flutningi, sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana. Maria Nockin, gagnrýnandi Fanfare Magazine, tilnefndi þann disk „CD of the year 2015“. Síðar endurútgaf sama útgáfufyrirtæki tvöfaldan geisladisk, frá árinu 2008, þar sem hún lék allar sönötur og partítur fyrir einleiksfiðlu eftir Johann Sebastian Bach. Hafa báðir þessir diskar hlotið mikið lof gagnrýnenda.

Hlíf er listrænn stjórnandi Sumartónleika Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og hefur tekið þátt í starfi safnsins frá upphafi.



Að loknu framhaldsprófi á selló vorið 2011 hóf **Þórdís Gerður Jónsdóttir** nám við jazzdeild Tónlistarskóla FÍH og var aðalviðfangsefni hennar spuni og leiðir til að finna sellóinu hlutverk sem leiðandi hljóðfæri í jazztónlist. Á burtfararprófstónleikum hennar vorið 2015 voru eingöngu flutt hennar eigin tónsmíðar og lagði hún áherslu á að samleikarar hennar - jazzsveitin - æfði og léki eins og um klassíska kammermúsík væri að

ræða. Þórdís hóf nám við Listaháskóla Íslands haustið 2014 og lauk B. Mus. gráðu í sellóleik 2017 þar sem aðalkennari hennar var Bryndís Halla Gylfadóttir.

Undanfarin ár hefur Þórdís spilað með fjölbreyttum tónlistarhópum, svo sem jazzkvintett Sigurðar Flosasonar og Hans Olding, Caput hópnum, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Sinfonia Nord, Umbra Ensemble og Elektra Ensemble. Í hennar eigin jazzkvartett er það markmiðið að máta sellóið sem jazzsöngvara, en sú hugmynd kviknaði út frá þeirri kenningu að sellóið sé það hljóðfæri sem líkir hvað best eftir mannsröddinni. Þórdís lauk upptökum á sinni fyrstu sólóplötu í maí í ár þar sem hljóðritaðar voru hennar eigin tónsmíðar.